

# Kjörsviðs- og samvalsgreinar í Brekkuskóla

---

*Skólaárið 2013-2014*

## Efnisyfirlit

Um kjörsviðsgreinar innan Brekkuskóla og samvalsgreinar grunnskóla Akureyrarbæjar 2013-2014 .....	3
Aðstoð í bóknámi – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	4
Afríka – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	5
Alfræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	5
Bakstur og heimilishald – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	6
Bækur og kvíkmyndir – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	6
Eðlisfræði/Stærðfræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	6
Efnafræði/Líffræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	7
Fatahönnun 1 – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	7
Fatahönnun 2 – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	7
Félagsfræði og sálfræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	8
Félagsmiðstöðvarval – fyrir 9. og 10. bekk.....	8
Forritun – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	9
Handverk – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	9
Leirmótun – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	9
Lífsstíll, heilsa og sjálfsmýnd – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	10
Mannréttindi og jafnréttindi – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	10
Málverk – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	10
Myndmennt I – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	11
Myndmennt II – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	11
Næringarfræði og þjálfrafræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	12
Raf- og rafeindavirkjun o.fl. – valgrein í VMA – fyrir 9. og 10. bekk..	12
Réttir frá ýmsum löndum – fyrir 8., 9. og 10. bekk. ....	13
Smíðar – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	13
Spænska – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	13
Trésmíði, o.fl. – valgrein í VMA – fyrir 9. og 10. bekk. ....	14
Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri.....	15
Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk.....	15
Bridge fyrir 8.- 10. bekk.....	15
Fatasumur og endurnýting fyrir 8. – 10. bekk.....	15
Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. – 10. bekk .....	16

Grafísk hönnun fyrir 9. – 10. bekk.....	16
Handboltaskóli KA fyrir 8. – 10. bekk .....	16
Handboltaskóli Þórs fyrir 8. – 10. bekk.....	17
Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk .....	17
Heimspeki fyrir 9. – 10. bekk .....	17
Hreysti fyrir 8. – 10. bekk .....	17
Knattspyrnuskóli Þórs fyrir 9. – 10. bekk.....	18
Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk .....	18
Leður, leir og mósaik fyrir 8. – 10. bekk. ....	18
Leitin að Grenndargralinu fyrir 8. – 10. bekk .....	19
Líkamsrækt Átak fyrir 9. og 10. bekk.....	19
Ljósmyndun og myndvinnsla fyrir 8. – 10. bekk.....	20
Parkour fyrir 9. og 10. bekk .....	20
Skák fyrir 8. – 10. bekk .....	21
Stjörnufræði/jarðfræði fyrir 9. og 10. bekk.....	21
Söngur og gleði fyrir 9. og 10. bekk.....	21
Taubrykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk .....	21
Teiknimyndasögur/ Tónlist og myndlist í tölvu fyrir 8. – 10. bekk ....	22
Útvist og hreyfing fyrir 8. – 10. bekk .....	22
Þýska fyrir 9. og 10. bekk.....	23



## Um kjörsviðsgreinar innan Brekkuskóla og samvalsgreinar grunnskóla Akureyrarbæjar 2013-2014

Námsgreinar í 8., 9. og 10. bekk skiptast í kjarna sem er 31 kennslustund í 8. bekk en 29 kennslustundir á viku í 9. og 10. bekk. Kjörsviðsgreinar eru því 6 kest. á viku í 8. bekk en 8 kest. á viku í 9. og 10. bekk. Kjarnann verða allir nemendur að taka og eru námshópar bundnir við bekkjardeildir.

Kjörsviðsgreinar eru flestar sameiginlegar fyrir 8. - 10. bekk þó að undantekningar séu á því. Hver grein samsvarar 2 kennslustundum á viku yfir veturinn en nú eru innanskólagreinarnar kenndar hálfan vetur hver og því þarf að velja sérstaklega fyrir áramót annarsvegar og eftir áramót hinsvegar.

Samvalsgreinarnar eru allar kenndar allan veturinn hver grein. Þær eru kenndar í grunnskólum bæjarins og fleiri stöðum. Reiknað er með að nemendur geti nýtt sér strætisvagnakerfi bæjarins til að komast milli staða.

Skólaárið 2011-2012 geta nemendur valið úr fjölmögum greinum sem nánar eru kynntar hér. Markmiðið var að bjóða uppá fjölbreytt úrvall valmöguleika og von okkar er sú að allir geti fundið sér áhugaverðar og spennandi greinar.

Í fyrsta skipti er nú boðið uppá valgreinar í samstarfi við VMA og vonum við að sú nýbreytni eigi eftir að falla nemendum og foreldrum vel í geð.

Fyrirvari er gerður um að greinar geta fallið niður vegna lítillar þátttöku eða annarra ófyrirsjánlegra orsaka.

**Hafið það hugfast, að kjörsviðsgreinar og samvalsgreinar eru ekki aukagreinar heldur eru þær jafn mikilvægar og kjarnafögin og kröfur um ástundun og árangur eru á engan hátt minni.**

Gott getur verið að huga að framtíðaráformum strax í efstu bekkjum grunnskólans og mikilvægt að vanda ákvarðanatöku um kjörsviðs- og samvalsgreinar. Það hefur ekki áhrif á rétt nemenda til framhaldsnáms hvaða kjörsviðs- samvalsgreinar þeir velja sér en það getur auðveldað framhaldsnám að hafa tekið greinar í grunnskóla sem skipta máli fyrir þá námsbraut í framhaldsskóla sem nemandi stefnir að.

### Metið val:

Nemendur eiga kost á að fá metið nám við sérskóla, félags- eða íþróttastörf. Einfalt metið val samsvarar tómstundastarfi frá 1 klst. til allt að 4 klst. á viku. Tvöfalt metið val samsvarar tómstundastarfi frá 5 klst. á viku. Einnig geta nemendur fengið fjarnám við framhaldsskóla metið. Til þess að geta lagt stund á fjarnám í framhaldsskóla þurfa nemendur að hafa lokið grunnskólanámi í

viðkomandi fagi með fullnægjandi árangri. Tveggja eininga áfangi í framhaldsskóla (102) í fjarkennslu samsvarar einni valgrein.

Ábyrgð á metnu vali:

Til staðfestingar þáttöku í metnu vali þarf að skila staðfestingu þjálfara/kennara/ umsjónaraðila á ástundun með eyðublaði sem skólinn leggur til. Nemendur og foreldrar bera fulla ábyrgð á þessum skilum til að starfið fáiist metið. Athugið að starfsemi utan skóla má að hámarki meta sem 4 vikustundir af þeim 37 sem nemandi skal skila í grunnskóla. Foreldrar bera allan kostnað af tómstundastarfi sem óskað er eftir að fá metið með þessum hætti.

EKKI er hægt að taka metið val inn eftir að tvær fyrstu vikur annarinnar eru liðnar.

Nemendum og foreldrum/forráðamönnum er velkomið að ráðfæra sig við Steinunni Hörpu náms- og starfsráðgjafa ([steinunnn@akmennt.is](mailto:steinunnn@akmennt.is)) eða Bergþóru aðstoðarskólastjóra ([beggath@akureyri.is](mailto:beggath@akureyri.is)) ef spurningar vakna. Sími skólans er 462 2525.

**Valblöðum skal skila útfylltum til ritara skólans í síðasta lagi miðvikudaginn 8. maí 2013.**



## Aðstoð í bóknámi – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmiðið er að nemendur sem á því burfa að halda geti fengið aðstoð við námið á sínum forsendum. Ef í ljós kemur að nemendur virðast ekki hafa þörf né áhuga á að nýta sér tímana verða þeir að fara í aðra valgrein.

Námsmat: Ástundun, áhugi og frammistaða í kennslustundum

## Afríka – fyrir 8., 9. og 10. bekk.



Markmið áfangans er að fræðast um menningu og lifnaðarhætti fólks í nokkrum löndum í Afríku. Nemendur kynna sér lífsmáta fólks, viðurværi, siði, tónlist, menntun, atvinnu, ferðamáta og sögu. Nemendur kynna sér þróunar Samvinnu og kynna málefni Afríku.

Kennslufyrirkomulag: Myndasýningar ásamt frásögnum kennara og gestakennara af reynslu þeirra af að búa í Afríku, myndbönd, vettvangsferðir á stofnanir sem vinna þróunarstarf, blaðagreinar, ljósrit og verkefnavinna þar sem nemendur afla sér upplýsinga af neti, úr bókum eða með viðtölum.



Námsmat: Nemendur vinna ýmis verkefni sem metin eru til einkunna.

Kennari: Margrét Þóra Einarsdóttir

## Alfræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Lýsing: Ef þú hefur áhuga á almennum fróðleik þá er þetta valið fyrir þig. Við skemmtum okkur og fræðumst um leið þar sem þekkingin er í aðalhlutverki.

Markmið:

- að gera nemendum kleift að kafa ofaní eigin áhugasvið.
- að vinna verkefni og þjálfa nemendur í að miðla þekkingu og fróðleik til annarra.
- að byggja upp öryggi og sterka sjálfsmýnd í gegnum þekkingu, árangur og samstarf.
- að veita nemendum tækifæri til að kynnast ólíkum viðfangsefnum á fræðandi og skemmtilegan hátt.
- að nemendur afli sér þekkingar á sviðum sem ekki eru innan námskrár en eru samt nauðsynleg og allt um kring í samfélaginu.
- að valgreinin sé vettvangur fyrir þá sem hafa áhuga á spurningakeppnum og almennri þekkingu.
- að nemendur læri að varpa fram spurningum og leita svara við þeim.



Námsþættir: Stuttar kynningar um fjölbreytt viðfangsefni. Spil og spurningaleikir af ýmsum toga. Heimspeki, mannkynssaga, bókmenntir, listir, náttúruvísindi, dægurmál, tónlist, kvíkmyndir, íþróttir, landafræði, Íslandssaga, samtíminn o.fl.

Kennsluaðferðir: Áætlanagerð, efniskönnun, kynningar, leikir, margmiðlun, sýningar, spil.

Námsmat: Mat á áhugasviðsverkefnum, virkni, áhugi, sjálfsmat, jafningjamat, leiðsagnarmat kennara ásamt því að verkefnum verður safnað rafrænt.

Kennari: Helena Sigurðardóttir

## Bakstur og heimilishald – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum, efla sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð. Kenna undirstöðuatriði næringar- og matvælafræði. Leggja áherslu á góðar umgengnisvenjur og borðsiði. Að vekja athygli nemenda á miklivægi hreinlætis almennt. Lögð er áhersla á að æfa mismunandi bakstursaðferðir s.s. þeytt, hrært og hnoðað deig. Unnið með mismunandi lyftiefni, ólífraen og lífræn. Gerðar verða tertur, formkökur, smábrauð og matarbrauð. Nemendur gera „fínni tertur“ og einnig hefðbundið „hversdagsbrauð“ og kökur.

Ýmsu fræðilegu efni sem tengist matargerð og heimilishaldi er fléttat inn í verklegu tímana. Nemendur í valhópum taka að sér bakstur vegna skemmtana í tengslum við fjáraflanir nemenda og annarra viðburða á vegum skólans.

Námsefni: Bakstursbækur, matriðslubækur, fjölbreytt efni af netinu og úr ýmsum bókum.  
Nýtt námsefni: Næring og lífshættir – heimilisfræði fyrir unglungastig.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkennsla og samvinnukennsla, fer eftir verkefnum hverju sinni.

Námsmat: Símat, byggt á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, frumkvæði og virkni nemandans í tínum. Einnig er stuðst við sjálfsmat og jafningjamat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrr á önninni sem því nemur.

Kennari: Anna Guðný Sigurgeirs dóttir



## Bækur og kvíkmyndir – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Lýsing: Nemendur lesa skáldsögur og horfa á kvíkmyndir sem gerðar hafa verið eftir þeim. Vinna verkefni og fjalla um efnið, bera saman mynd og bók.

Markmið: Að nemendur læri að njóta þess að lesa bækur og horfa á kvíkmyndir. Geti lesið og horft með gagnrýnum huga, myndað sér skoðanir og tjáð þær. Að nemendur geri sér grein fyrir að bók og kvíkmynd eru ólíkir miðlar.

Námsgögn: Íslenskar og þýddar skáldsögur og kvíkmyndir. Valin að hluta í samstarfi við nemendur.

Námsmat: Verkefnavinna, bæði einstaklings- og hópverkefni.

Kennari: Svanhildur Sæmundsdóttir



## Eðlisfræði/Stærðfræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Í eðlisfræði er samband vegalengdar og tíma skoðað, hraði og hröðun. Grafísk framsetning og mælingar. Þyngdarhröðun. Einnig verða hugtökin orka og afl skoðuð með tilliti til notkunar í daglegu lífi.

Í stærðfræði verða algebra og rúmfraði meginviðfangsefnið. Rúmmál og flatarmál, mælingar á umhverfisstærðum tengdum verkfræði, einföld notkun hornafalla við ýmsar mælingar

tengdar eðlisfræði. Í algebru verða tengsl raungreina og algebru skoðuð og hvernig algebru má nota við að leysa eðlis- og efnafræðidæmi.

Reiknað er með að helmingur tíma verði verklegur, tilraunir eða önnur verkefni, unnin í hóp eða einstaklingsverkefni.

Kennari: Raungreinakennarar úr VMA

### **Efnafræði/Líffræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.**

Í efnafræði er atómið skoðað, hvernig atóm mynda sameindir og síðan eru eiginleikar einstakra sameinda skoðaðir. Samanburður milli eiginleika efna, sýrur og basar, ástandsform, fellingar jónefna, rafgreining vatns, titrun til að ákvarða styrk efna, hvarfhraði efnahvarfa (einnig tengt líffræði), áhrif hvata og hita - og ýmsar einfaldar mælingar og tilraunir.

Í líffræði verður lífheimurinn skoðaður, örverur ræktaðar í agar, tengsl vaxtar og hitastigs skoðað, frumur skoðaðar og stærri lífverur krufðar. Órofa samspil manns, náttúru og samfélags skoðað. Frá sameind til seildýra.

Reiknað er með að helmingur tíma verði verklegur, tilraunir eða önnur verkefni, unnin í hóp eða einstaklingsverkefni.

Kennari: Raungreinakennarar úr VMA

### **Fatahönnun 1 – fyrir 8., 9. og 10. bekk.**

Markmið: Að nemendur læri að nota saumavélina rétt, teikna upp og sníða flík eftir sniði.

Kennsluefni og aðferðir: Nemendur byrja á að rifja upp saumavélakunnáttu og sauma nokkrar prufur. Nemendur velja svo einfalda flík til að breyta, en því næst hanna, teikna, sníða og sauma sér flík að eigin vali í samráði við kennarann.



Námsmat: Símat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrr sem því nemur.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

### **Fatahönnun 2 – fyrir 8., 9. og 10. bekk.**

Markmið: Að nemendur auki við sig þekkingu í vélsaumi og saumi flóknari verkefni.

Kennsluefni og aðferðir: Nemendur hanni og teikni upp eigin hugmyndir og nái að framkvæma hana.

Námsmat: Símat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrr sem því nemur.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

## Félagsfræði og sálfræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Lýsing: Fjallað um helstu greinar innan félagsfræði og sálfræði og þær kynntar nemendum t.d. þjóðfélagsfræði, mannfræði, kynjafræði, heilsufélagsfræði, aðferðafræði, almenn félagsfræði, nútímafræði, afbrotafræði, þroskasálfræði, vinnusálfræði, heilsusálfræði ofl.

Markmið: Að nemendur kynnist ólíkum flokkum innan félags- og sálfræði.

Námsgögn: Ýmsar bækur tengdar efninu, greinar af netinu og fl.

Námsmat: Þátttaka í umræðum og ýmis verkefnavinna, bæði einstaklings- og hópverkefni.

Kennari: Fjóla Dögg Gunnarsdóttir



## Félagsmiðstöðvarval – fyrir 9. og 10. bekk.

Markmið:

Að nemendur öðlist aukna félagslega færni.

Að nemendur efli sinn félagslega þroska.

Að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynnd .

Að nemendur kynnist annarri menningu og öðlist jákvætt viðhorf í garð þeirra.

Að nemendur læri að skipuleggja, undirbúa og framkvæma viðburði í félagslífi sínu.

Inntak: Framsögn, framkoma, fundarsköp, skipulagning á viðburðum, skoðanaskipti, samvinna, virðing fyrir öðrum.

Leiðir: Nemendur vinna mikið í hópum að verkefnum. Kynningar eru á hugmyndum nemenda. Nemendur læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim. Nemendur fá jafnframt utanaðkomandi fræðslu sem þeir svo velta fyrir sér í umræðuhópum.

Námsmat:

50% Annarverkefni – nemendur vinna saman 6 í hóp að fræðsluefni sem þau kynna fyrir bekknum. Frjálst val á framsetningu.

20% Virkni

10% Mæting

10% Sjálfsmat og jafningjamat

10% Lokaverkefni – einstaklingsverkefni þar sem nemendur fara yfir veturn og skila af sér skýrslu þar sem fram kemur upplifun þeirra á starfinu, hvað var gott og hvað mátti betur fara og hugmyndir að góðu félagsmiðstöðvarstarfi fyrir framtíðina.

Hver nemandi fær umsögn bæði fyrir haust- og vorönn.

Sjálfsmat og jafningjamat félagsmiðstöðvarráðs er mjög mikilvægur hluti þess óhefðbundna náms sem fram fer félagsmiðstöðinni.

Ígrundun er mjög mikilvæg bæði fyrir hópinn og einstaklingana innan hans. Metið er hvort eitthvað hefði mátt betur fara og hægt er að notast við þetta mat við skipulagningu og undirbúning næsta viðburðar. Þetta gefur hópnum sameiginlega ábyrgð og tækifæri til að gera alltaf betur.

Hver og einn þarf að skila sjálfsmati einu sinni í mánuði. Félagsmiðstöðvarráðið fer yfir hvern viðburð að honum loknum og leggur sameiginlegt mat á hvernig til tókst.

#### Dæmi um viðburði:

#### Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna:

Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), brettahelgi, íþróttadagur, spurningakeppni og skálaferð.

#### Viðburðir innan félagsmiðstöðvar:

Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, gistikvöld og spilakvöld.

Fjöldi kennslustunda í viku: 2 tímar í viku allt skólaárið auk þess að mæta og vinna á viðburðum sem þau skipuleggja.

## **Forritun – fyrir 8., 9. og 10. bekk.**

Markmið: Að þátttakendur sjáí forrit verða að veruleika auk þess sem þátttakendur munu sjá hvað forritun getur verið skemmtileg og áhugaverð.

Kennt er að forrita og nemendur fá innsýn í möguleika tækninnar á skemmtilegan og áhugaverðan máta. Kennslan byggir á leikjaforritun en auk þess er öðrum þáttum tölvufærni fléッtað inn í kennsluna s.s. hugarkortum fyrir verkefnavinnu og skipulag.

Notast verður við þríviddar-forritunarumhverfið [Alice \(Opnast í nýjum vafraglugga\)](#). Alice er „drag-drop“ umhverfi, í því eru engar syntax villur og því hægt að einbeita sér meira að því sem skiptir máli á þessu stigi til að ná grunninum í forritun.

## **Handverk – fyrir 8., 9. og 10. bekk.**

Prjón – hekl / Tauþrykk - útsaumur

Markmið: Í fyrri hlutanum gera nemendur nokkrar prufur í prjóni og hekli. Síðan velja þau sér annað hvort að prjóna eða hekla (jafnvel bæði ef tími vinnst til).

Í seinni hlutanum geri nemendur verkefni sem samanstendur af þrykki og útsaumi. Val verður um t.d. tösku, púða eða flík. Kenndar verða mismunandi aðferðir við þrykk og nemendur velja síðan sína aðferð við verkið. Nokkrar mismunandi útsumsaðferðir kenndar sem einnig verða notaðar á sama hlutinn.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrr sem því nemur.



Námsmat: Símat á verkefnum.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

## **Leirmótun – fyrir 8., 9. og 10. bekk.**

Markmið: Að þjálfa og þroska huga og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, tilfinningar, þekkingu og reynslu í leirmótun bæði í þrí- og tvívídd.

Að geta fylgt hugmynd til endanlegs verks , þekkja fjölbreytni leirmótunar og notkunar glerungs.

Kennsluaðferðir: Að geta nýtt sér mismunandi aðferðir/tækni til að móta (búa til) bolla, vasa og skálar úr leir.

Að búa til lágmynd úr leir og gera gifsmót.

Að búa til leirfígúrur; t.d. dýr, fólk, verur og að geta notað glerung.

Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu nemendans, tækni, hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum. Engin próf, allt er verklegt.

Kennari og myndlistarmaður: Joris Rademaker

## Lífsstíll, heilsa og sjálfsmynd - fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Lýsing: Skoðum hvað skapar sjálfsmynd fólks og hvernig lífsstíll skiptir máli fyrir líðan og heilsu.

Markmið:

-Að skoða uppbyggingu sjálfsmyndar almennt og hvernig við getum byggt upp okkar sjálfsmynd og annarra.

-Að kynna sér heilbrigðan lífsstíl gegnum hollt mataræði og hreyfingu.

-Að skoða strauma og stefnur í tísku varðandi útlit og hegðun.

Kennsluaðferðir: Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, vettvangsferðir/útvist.




Námsmat: Skrifleg umsögn byggð á virkni og ástundun.

Kennari: Hanna Dóra Markúsdóttir

## Mannréttindi og jafnréttindi – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Lýsing: Fjallað um hugtökin mannréttindi og jafnrétti, hvað merkja þau og hvaða máli skiptir þetta okkar.

Nemendur skoða m.a. efni á netinu, taka þátt í umræðum og vinna fjölbreytt og skemmtileg verkefni um efnið.



Markmið: Að nemendur læri að þekkja rétt sinn og annarra, kynnist því hvernig jafnréttis og mannréttindamálum er háttáð á Íslandi sem og öðrum löndum.

Að nemendur geti tekið þátt í umræðum, tjáð eigin skoðanir og horft með gagnrýnum augum á ýmis viðfangsefni sem tekin verða fyrir.

Námsgögn: Sjónvarpsefni, upplýsingar af internetinu, dagblaðagreinar ásamt ýmsum bókarköflum.

Námsmat: Þátttaka í umræðum og ýmis verkefnavinna, bæði einstaklings- og hópverkefni.

Kennari: Fjóla Dögg Gunnarsdóttir

## Málverk – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að þjálfa og þroska huga og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, tilfinningar, þekkingu og reynslu í mismunandi aðferðum í málun. Að geta fylgt hugmynd til

enanlegs verks. Þekkja fjölbreytni í málaraaðferðum, málningu/efni og myndlistarstefnu síðustu aldar.

Námsefni: Listaverkabækur og kennslubækur.

Kennsluaðferðir: Að geta nýtt sér litafraeði í mismunandi málaratækni, vatnslitamálun, akrylmálun og olíumálun. Að geta nota mismunandi pennslastærðir og tegundir. Að geta skafað málningu með pallíettuhníf, að geta notað málninguna þunna eða þekjandi.

Að mála á mismunandi efni t.d. pappír, striga, karton og tré. Að blanda litum umferð yfir umferð eða blautt í blautt. Að lýsa og dekkja litina með öðrum litum eða hvítu og svörtu.

Að þekkja helstu listastefnur síðustu aldar t.d. impressónisma, abstrakt eða popart.

Helstu viðfangsefnin sem við málum eru; landslag, portret, fólk og dýr, graffití, abstrakt og kyrralífs myndir.

Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu nemendans, tækni, hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum. Engin próf, allt er verklegt.

Kennari og myndlistarmaður: Joris Rademaker.



## Myndmennt I – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Fyrir þá sem ekki hafa áður tekið Myndmennt sem kjörsviðsgrein

Markmið: Að þjálfa og þroska huga og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, tilfinningar, þekkingu og reynslu í margskonar efnivið. Að geta fylgt hugmynd til endanlegs verks. Þekkja fjölbreytni (mynd-) listar.

Námsefni: Listabækur, t.d. *Listasaga Fjölvá, Listasafn Íslands 1884 - 1994, Líf og list, t.d.*

*Picasso, Monet, van Gogh, Manet.*

Kennsluaðferðir: Að geta nýtt sér í eigin myndsköpun grunnþætti myndlistar, s.s. útfærslu línunnar, skrautskrift, myndbyggingu, áferð, grafik, málun, rými, fjarvídd, lita- og formfræði myndbyggingar, andlitsteiknun, fígúrur. Nemendur þurfa að eiga litla skissubók sem þeir teikna í heima. Helstu viðfangsefni eru að teikna eftir fyrirmynd, munsturgerð, túlkun tilfinninga, formfræði, óhlutbundnar myndir, pennateikningar, skrautskrift, litafræði, málun á striga, vatnslitamálun, o.fl. Farið verður í vettvangsferðir á listsýningar og ýmis skemmtileg verkefni unnin.

Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu, tækni og hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum, engin próf.

Kennari og myndlistarmaður: Joris Rademaker

## Myndmennt II – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Fyrir þá sem eru lengra komnir – eða hafa áður verið í Myndmennt sem kjörsviðsgrein.

Markmið: Að þjálfa og þroska huga og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, tilfinningar, þekkingu og reynslu í margskonar efnivið. Að geta fylgt hugmynd til endanlegs verks. Þekkja fjölbreytni (mynd-) listar.

Námsefni: Listabækur, t.d. *Listasaga Fjölvá, Listasafn Íslands 1884 - 1994, Líf og list, t.d.*

*Picasso, Monet, van Gogh, Manet.*

Kennsluaðferðir: Að geta nýtt sér í eigin myndsköpun grunnþætti myndlistar, s.s. útfærslu línunnar, skrautskrift, myndbyggingu, áferð, grafik, málun, rými, fjarvídd, lita- og formfræði myndbyggingar, andlitsteiknun, fígúrur. Nemendur þurfa að eiga litla skissubók sem þeir teikna í heima. Helstu viðfangsefni eru að teikna eftir fyrirmynd, munsturgerð, túlkun tilfinninga, formfræði, óhlutbundnar myndir, pennateikningar, skrautskrift, litafræði, málun á striga, vatnslitamálun, o.fl. Farið verður í vettvangsferðir á listsýningar og ýmis skemmtileg verkefni unnin.



Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu, tækni og hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum, engin próf.

Kennari og myndlistarmaður: Joris Rademaker

## Næringerfræði og þjálf fræði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið og kennsluaðferð: Áhersla verdur lögð á næringarfræði sem er fræðigrein innan heilbrigðis-og náttúruvísinda sem fjallar um hlutverk næringarefna fyrir mannlíkamann og tengsl næringar og heilsu.

Við munum fjalla um næringarþörf mannsins á mismunandi æviskeiðum, hlutverk og jafnvægi hinna ýsmu efna sem gefa frumum líkamans orku og þýðingu vítamína, steinefna og margra annarra efna sem við fáum með fæðunni. Næringerfræðin fjallar um hollustu hinna ýmsu fæðutegunda, gæði matvæla og hugsanlegar hættur sem stafað geta af eftum í fæðu. Einnig munum við fjalla um nokkur af grundvallaratriðum næringarfræðinnar og tengsl þeirra við heilsu og sjúkdóma.

Einnig verdur komid inn a helstu hugtök í þjálf fræði, s.s. þol, kraft, hraða, liðleika, teygjur, samhæfing, upphitun og niðurlag æfinga.

Mikil fjölbreytni verður í tímunum. Svo sem fyrirlestrar fra nemendum, smakkanir a ýmiskonar mat, uppskriftir og aðrar hugmyndir sem nemendur geta komið með. Reynt verdur að gera kennsluna áhrifamikla, líflega og skemmtilega ☺

Námsmat: Námsmat byggist a bóklegum og verklegum prófum. Sem og ástundun, áhuga, vinnusemi og hegðun.

## Raf- og rafeindavirkjun o.fl. – valgrein í VMA – fyrir 9. og 10. bekk

Greinin er að uppistöðu kynning á raf- og rafeindavirkjun en einnig verða fleiri brautir skólans stuttlega kynntar með heimsóknum og stuttum verkefnum.

Kynning á raf- og rafeindavirkjun

Námskeið í tækni fyrir grunnskólanema.

Smíði (samsetning) rása.

Vinna í hljóðveri kjallara jafnvel þáttargerð ef útvärpsstöðin verður í gangi.

Vinna með ljós, hljóð og mynd.

Hagnýt rafmagnsfræði. Efni til 1-3 samsetninga

Greinin er kennd í húsnæði VMA af kennurum þaðan.

## Réttir frá ýmsum löndum – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum, efla sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð. Kenna undirstöðuatriði næringar- og matvælafræði.



Leggja áherslu á góðar umgengnisvenjur og borðsiði. Að vekja athygli nemenda á mikilvægi hreinlætis almennt.

Áhersla er lögð á matargerð, matarsögu og matarmenningu annara þjóða. Gerðir verða réttir frá ýmsum löndum s.s. Ítalíu, Mexíkó, Indlandi, Austurlöndum o.fl.

Nemendur í valhópum taka að sér bakstur og/eða matargerð vegna tilfallandi skemmtana í tengslum við fjáraflanir nemenda.

Námsefni: Matreiðslubækur, mikið af fræðsluefni um matargerð og matarmenningu ýmissa þjóða tekið af netinu og úr ýmsum bókum, fræðslumyndbönd. Nýtt námsefni: Næring og lífshættir – heimilisfræði fyrir ungleingastig.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkennsla og samvinnukennsla, fer eftir verkefnum hverju sinni.

Námsmat: Símat, byggt á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, frumkvæði og virkni nemandans í tínum. Einnig er stuðst við sjálfsmat og jafningjamat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrr á önninni sem því nemur.

Kennari: Anna Guðný Sigurgeirs dóttir

## Smíðar – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Nemandi öðlist þekkingu og færni í meðferð ólíkra tækja og smíðaverkfæra.

Nemandi geti nýtt sér verkkunnáttu sína til þátttöku í atvinnulífi sem byggir á verklegri framkvæmd.

Kennsluefni/verkefni: Nemandi komi með hugmyndir sínar, skilgreini þær og lýsi með myndum (skyssum). Geti á meðvitaðan hátt lýst lögun, formi, stærð og hlutföllum, áferð yfirborðsmeðferð, litum og stíl. Nemandi geri kostnaðaráætlun um verkið.



Kennsluaðferðir: Sýnikennsla og munnlegar útskýringar.

Námsmat: Símat kennara. Metinn er undirbúningur, verkleikni, hugmyndaflug, ástundun, áhugi, hegðun, mætingar, umgengni og frágangur. Kennarinn metur lokaafurðir nemandans.

## Spænska – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að nemendur læri grunnorðaforða í spænsku. Að nemendur lesi léttan texta sér til skilnings og læri að mynda einfaldar setningar um daglegt líf skriflega og munnlega. Að nemendur hlusti á spænskt mál og æfi framburð.

Kennsluaðferðir: Innlögn á töflu, myndbönd, textar, munnlegar og skriflegar æfingar.

Námsmat: Nemendur vinna ýmis verkefni sem metin eru til einkunna.

Kennari: Margrét Þóra Einarsdóttir

## **Trésmíði, o.fl. – valgrein í VMA – fyrir 9. og 10. bekk.**

Greinin er að uppistöðu kynning á trésmíði en einnig verða fleiri brautir skólans stuttlega kynntar með heimsóknum og stuttum verkefnum.

### Trésmíði:

Leitast verður við að gefa nemendum innsýn í verkstæðisvinnu á trésmíðaverkstæði. Unnin verða verkefni í vélum og höndum. Farið verður í útheflun, sögun, þússningu, borun, samsetningu og yfirborðsmeðferð. Verkefnin verða sniðin að nemendahópnum og miðuð að því að allir fari heim með smíðisgripi í annarlok.

Mikilvægt er að nemendur mæti í fötum sem mega fá á sig lakk og bæs og geri sér grein fyrir því að á trésmíðaverkstæðum er ryk.

Greinin er kennnd í húsnæði VMA af kennurum þaðan.

# Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri

## Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk

**Markmið og kennsluaðferð:** Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmiskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaíþróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsyllingar. Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í: Fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.

**Námsmat:** Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

*Kennt á þriðjudögum kl. 13:40-15:00 í Íþróttahöllinni v. Skólastíg.*

## Bridge fyrir 8.- 10. bekk

**Markmið og kennsluaðferð:** Reiknað er með að nemendur þekki spilin 52 meiri þekking er óþörf. Farið er í öll grunnatriði bæði sagnir, útspilareglur og skráningu. Það er svo spilað látlauts alla tíma og æfing við spilaborðið er aðall námsins. Enginn heimavinna og tíma sókn getur orðið mismunandi þ.e.a.s. fleiri tímar fyrir áramót og minna eftir áramót eða 4 tímar einn dag en enginn næstu viku. Spilum þetta af fingrum fram.

**Námsmat:** Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

*Kennt á þriðjudögum kl. 13:40-15:00 í Giljaskóla.*

## Fatasaumur og endurnýting fyrir 8. – 10. bekk

**Markmið:** Að nemandi:

- geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í hekli, prjóni, útsaumi, vélsaumi o.fl.
- sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavalí
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu
- skipuleggi eigið vinnuferli og lauslega upprætti að verkefni
- sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum
- læri að taka upp snið

**Kennsluhættir:**

Í samstarfi við Rauða krossinn tökum við þátt í verkefni sem heitir „föt sem framlag“. Þar sníðum við og saumum fatnað á ungabörn úr notuðum fatnaði sem Rauði krossinn leggur til.

Saumaðar verða ákveðnar prufur og því næst er farið í gegnum ferlið við að taka upp snið. Eitt skylduverkefni, nemandi saumar sér einfalda flík.

Nemendur velja sér einn til two hönnuði og kynna. Ef nemendur kjósa að nota ekki það efni sem skólinn býður upp á er þeim frjálst að koma sjálfir með efni/fatnað.

**Námsefni:**

- Rauðakrossverkefni: *Föt sem framlag*

- Nemendur komi með fót til að breyta eða nýta á annan hátt.
- Skissubók.
- Netið

**Námsmat:**

Ástundun, símat út frá handverki nemenda, færni og virkni í tínum.

*Kennt á miðvikudögum kl. 13:40-15:40 2/3 hluta skólaársins í Lundarskóla.*

## Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. - 10. bekk

**Námskeiðið** samanstendur af hinum ýmsu þáttum stangveiðinnar. Í fluguhnýtingum er nemendum kennd undirstöðuatriðin og búa þau til nokkrar algengar laxa- og silungaflugur. Lokaverkefnið er svo að hanna sína eigin flugu. Í stangveiði fara nemendur í kastkennslu með flugustöngum. Einnig fá nemendur fræðslu um allan þann búnað sem fylgir fluguveiði sem og hvernig á að umgangast náttúruna og íbúa vatna og áa. Þá vinna nemendur verkefni um veiðisvæði að eigin vali.

**Kennslan** verður nokkuð lotubundin því farið verður í a.m.k. tvær veiðiferðir sem dekka töluverðan hluta tímafjölda námskeiðssins. Gera má ráð fyrir að flestir tímanna fari fram að hausti og svo að vori en bóklegir tímar verði annaðhvort hálfsmánaðarlega eða eða vikulega á fyrirfram ákveðnum tíma yfir veturninn.

**Námsmat** verður byggt á verkefnavinnu, lokaverkefni í fluguhnýtingum, virkni og þátttöku nemenda.

Æskilegast er að nemendur sem sækja námskeiðið hafi aðgang að flugustöngum og helst einnig öðrum veiðibúnaði.

*Greinin hefur aðsetur í Brekkuskóla á þriðjudögum kl. 13:40*

## Grafísk hönnun fyrir 9. - 10. bekk

**Námslýsing:** Grafísk hönnun er hönnunaráfangi þar sem nemendum er kennt á teikniforritið Adobe Illustrator.

**Markmið** námskeiðssins er að geta hannað allt frá auglýsingum yfir í að hanna sínar eigin nammipakkningar.

Ath. Öll kennsla fer fram í tölvu en látið það ekki stoppa ykkur 😊

**Námsmat:** Verður byggt á verkefnavinnu, virkni og þátttöku nemenda.

*Kennt verður í Naustaskóla á þriðjudögum kl. 13:40 -15:00*

## Handboltaskóli KA fyrir 8. - 10. bekk

Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum og fræðslu um handbolta.

Fyrst og fremst ætlað fyrir þá sem hafa undirstöðu í greininni.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

*Kennt verður á miðvikudögum kl. 13:40-15:00 í KA-húsinu*

## **Handboltaskóli Þórs fyrir 8. – 10. bekk**

Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum og fræðslu um handbolta. Fyrst og fremst er um tækniæfingar að ræða, hentar bæði stelpum og strákum.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og mætingu.

*Kennt verður á mánudögum kl 13:40-15:00 í Íþróttahúsinu í Síðuskóla*

## **Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk**

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn íþróttakennara Síðuskóla og einnig koma kennrarar Bjargs að kennslunni með sérhæfða tíma til kynningar.

**Markmið** námskeiðsins er því að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prufa þær fjölbreyttu leiðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum til hreyfingar. Einnig að þjálfa þol og prek þáttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimisal og tækjasal. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaráætlunar og læra að setja sér markmið.

Hentar vel þeim sem hafa áhuga fyrir því að stunda líkamsrækt.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kennsla fer fram á Bjargi við Bugðusíðu á miðvikudögum kl. 13:40-15:00*

## **Heimspeki fyrir 9. – 10. bekk**

Heimspekitímarnir byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Aðallega verður notast við bækurnar *Hugsi* og *Veröld Soffíu* til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Þegar líður á haustið fara þáttakendur einnig að leggja til umræðuefni og skiptast á um að kynna þau. Í einhver skipti verður unnið út frá myndböndum um siðfræðileg vandamál sem fólk stendur frammi fyrir. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða. Eftir áramótin fjallað um nokkra af þekktstu heimspekingum sögunnar og kenningar þeirra.

Heimavinna er ekki fyrir hvern tíma en nemendur þurfa stundum að lesa heima og skila 3 til 4 verkefnum yfir veturinn.

Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að nemendur hlusti hver á annan og temji sér kurteisi þrátt fyrir skoðanaágreining.

**Námsmat:** Einkunn byggir á frammistöðu í tímum og heimaverkefnum.

*Kennt verður á miðvikudögum kl. 13:40-15:00 í Síðuskóla*

## **Hreysti fyrir 8. – 10. bekk**

Meginmarkmiðið með greininni er hreyfing sem heilsurækt sem ætti að vera eins fjölbreytt og kostur er og reyna á sem flesta þætti líkamshreysti, svo sem þol, vöðvastyrk og liðleika.

Ástundunin stuðli að aukinni líkamshreysti og almennri vellíðan.

Unnið skal að markvissri uppbyggingu á almennri líkamshreysti og preki. Nauðsynlegt er að nemendur séu látnir taka þátt í stöðluðum prófum til að hægt sé að meta hreysti þeirra og byggja upp kennsluna á markvissan hátt.

Nemandi skal:

- efla á markvissan og einstaklingsbundinn hátt líkamshreysti og þrek
- stunda markvissa og fjölbreytta styrktar-, liðleika- og þolþjálfun og taka þátt í leikjum sem bæta líkamshreysti og þrek
- taka nokkur stöðluð próf til að meta líkamshreysti hans og liðleika
- taka þátt í æfingum þar sem líkama er beitt rétt við fjölbreytta útfærslu hreyfinga

Notast er við stöðvaþjálfun, skólahreysti (svipaðar æfingar), þrekhringi, teygjuhringi o.fl.

**Námsmat** byggist á stöðluðum prófum og mætingum.

*Kennt á miðvikudögum kl. 13:40-15:00 í Giljaskóla.*

## Knattspyrnuskóli Þórs fyrir 9. - 10. bekk

Knattspyrnuskóli Þórs er fyrst og fremst ætlaður nemendum sem æfa knattspyrnu í 3. flokkum Þórs - drengja og stúlkna. Það er skilyrt af hálfu Þórs að nemendur sækji allar æfingar, á skólatíma og utan. Auk hefðbundinna æfinga eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og eru þeir haldnir í Hamri um helgar. Fyrirlesarar eru ýmsir. Nemendur borga æfingagjöld eins og aðrir í Þór en fá frían æfingagalla. Nemendur geta fengið 4 vikustundir metnar fyrir þátttöku í Knattspyrnuskólanum, þ.e.a.s. 2 fyrir valgreinina og 2 fyrir þátttöku í æfingum félagsins.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

*Kennsla fer fram í Boganum á miðvikudögum 13:40-15:00 og aðrar æfingar eru á hefðbundnum æfingatímum. Ekki er útilokað að æfing verði fyrir skólatíma að morgni.*

## Körfuboltaskóli fyrir 8. - 10. bekk

Lögð verður áhersla á undirstöðuatriði körfuboltans auk leikja og ýmissa keppna. Nemendur fá tækifæri til að bæta skotfimi sína, fá leiðbeiningar um varnarleik og auka leikskilning. Fyrst og fremst snýst valgreinin um að hafa gaman af og njóta þess að spila körfubolta. Þetta er próflaus áfangi þar sem metið verður út frá vinnu- og áhugasemi og framkomu.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

*Kennsla fer fram í Glerárskóla á miðvikudögum 13:40-15:00.*

## Leður, leir og mósaik fyrir 8. - 10. bekk.

### Leðurvinna (12 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsamuð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, beltí og hálsskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreitt með perlum hrosshári og fl.

### Leirmótun (8 vikur)

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgerð og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta

útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

#### **Mósaik (12 vikur)**

Unnið verður með 3mm litað gler, speglar og etv eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar ( á vasana notum við málæð eggjaskurn) ofl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

**Námsmat:** Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

*Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum kl.13:40 -15:00*

## **Leitin að Grenndargralinu fyrir 8. – 10. bekk**

**Lýsing:** Takmark þáttakenda er að finna Grenndargralið sem búið er að koma fyrir á vissum stað á Akureyri. Þáttakendur fá eina þraut til lausnar í viku hverri. Þraut sem tengist sögu Eyjafjarðar. Við lausn hverrar þrautar fá þáttakendur bókstaf. Markmiðið er að safna að lágmarki tíu bókstöfum sem fást við úrlausn þrautanna sem þeir svo nota til að mynda ákveðið orð. Orðið er nokkurs konar lykilorð og er þekkt úr sögu heimabyggðar. Þegar þáttakendur ná að raða saman bókstöfunum og mynda sjálft lykilorðið öðlast þeir rétt til að hefja leit að Grenndargralinu. Til þess fá þeir eina lokavísbendingu sem vísar þeim á fundarstaðinn. Hér snýst allt um að vera á undan keppinautnum. Sá eða þeir sem finna Gralið standa uppi sem sigurvegarar. Þeir fá gralið afhent til varðveislu í eitt ár. Einnig fá þeir verðlaunapeninga til eignar. Allir sem klára þrautirnar tíu fá viðurkenningarskjöl fyrir góða frammistöðu eftir langa og stranga leit. Þáttakendur útbúa kynningarþjöld sem birtast á heimasíðu leitarinnar.

**Markmið:** Kynna sögu og menningu heimabyggðar með skemmtilegum vettvangsferðum og rannsóknarleiðangrum. Leitin tekur 10 vikur. Hún hefst í byrjun september og henni lýkur um miðjan nóvember.

**Námsefni:** Öll möguleg hjálpargögn til að leysa þrautirnar; tölvur, bækur, blöð, tímarit, landakort, amma og afi o.s.frv.

**Kennsluaðferðir :** Þrautirnar birtast á heimasíðu Leitarinnar ([www.grenndargral.is](http://www.grenndargral.is)) á sama tíma í viku hverri. Þáttakendur hafa þannig viku til að leysa hverja þraut. Þrautirnar kalla á mismikið vinnuframlag. Sumar krefjast heimildavinnu fyrir framan tölvu eða bók meðan aðrar krefjast rannsóknarleiðangra um Akureyri. Námið fer að öllu leyti fram utan kennslustofunnar. Samskipti umsjónarmanns og þáttakenda fara þannig að mestu leyti fram á gagnvirkan hátt þar sem heimasíðan gegnir lykilhlutverki við að koma upplýsingum á framfæri til þáttakenda.

**Námsmat:** Símat. Umsjónarmaður Leitarinnar fer yfir lausnir þáttakenda sem skilað er inn með tölvupósti. Ljúka þarf níu fyrstu þrautunum á fullnægjandi hátt til að fá valgreinina metna.

*Greinin mun hafa aðsetur í Giljaskóla.*

## **Líkamsrækt Átak fyrir 9. og 10. bekk**

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

Markmið námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einnið að þjálfa þol og þrek þáttakanda og undirstríka mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfinum t.d. Body pump, spinning og palla. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaráætlunar og læra að setja sér markmið.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemandu.

*Kennsla fer fram í Átaki Strandgötu á þriðjudögum kl. 13:50 – 15:10.*

## Ljósmyndun og myndvinnsla fyrir 8. – 10. bekk

Námskeiðið byggir á að nemendur kynnist og fái nokkra þjálfun að taka ljósmyndir og vinna þær í myndvinnsluþorriti í tölvu. Farið verður yfir grunnhugmyndir ljósmyndunar og helstu möguleika tölvutækninnar. Nemendum vinna æfingaverkefni bæði einstaklingslega og í samvinnu við aðra sem ekki hafa mikla reynslu á sviðinu, hvort sem er í ljósmyndun eða notkun myndvinnsluþorrarta.

Nemendum þurfa sjálfir að hafa myndavél eða annað tæki til myndatöku auk viðeigandi snúrur til að færa myndir yfir í tölvuna.

**Námsefni:** Byggt er á ýmsum upplýsingum úr bókum, vefsíðum og kennsluefni á báðum sviðum, auk ítarfnis frá kennara.

**Kennsluaðferðir:** Kynningar og verkleg kennsla. Stuðst sem mest við hugmyndir um gagnvirka kennsluhætti með það að markmiði að ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda og skapandi úrlausnir hugmynda.

**Námsmat:** Byggir á frammistöðu nemenda í kennslustundum, hugmyndavinnu og úrvinnslu hugmynda og sjálfmati nemenda. Auk þess verður gerð krafa um viðeigandi skil lokaverkefnis sem byggir á báðum námsþáttum, ljósmyndun og myndvinnslu.

*Kennt verður í Glerárskóla á mánuðögum kl. 13:40 – 15:00.*

## Parkour fyrir 9. og 10. bekk

**Markmið:**

- að mæta auknum áhuga parkouríþróttinni
- að nemendur öðlist aukna færni í íþróttunum
- að nemendur öðlist aukna félagslega færni
- að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmýnd
- að nemendur öðlist grunnþekkingu á greininni

Til að brjóta upp veturninn verður boðið upp á það þegar færi gefst að fara bakvið skautahöllina á snjóbretti.

**Námsmat:**

- Virkni og þátttaka í tíma 50%
- Ástundun 50%
- Gefin er umsögn en ekki einkunn.

**Útbúnaður:**

Nemendum þurfa að verða sér út um hjólabretti, snjóbretti og viðeigandi hlífðarbúnað.

*Kennt verður á miðvikudögum í íþróttamiðstöðinni við Giljaskóla kl 13:40-15:00.*

## **Skák fyrir 8. – 10. bekk**

Farið verður í helstu atriði í tengslum við skákiðkun s.s. hvernig á að máta, byrjanir, endatafl, leikfléttur o.fl. Kennt verður hvernig nota á skákklukkur og hvernig skrifa á skákir. Nemendur fá að tefla auk þess sem kennari fer í ýmis atriði á sýningarborði. Kennari leggur þrautir og verkefni fyrir nemendur.

*Kennt verður í Síðuskóla á mánudögum kl. 13:40-15:00*

## **Stjörnufræði/jarðfræði fyrir 9. og 10. bekk**

Valgreinin er fyrir þá nemendur sem hafa mikinn áhuga á náttúrufræði eða hafa e.t.v. ákveðið að stefna á náttúrufræði- eða eðlisfræðibraut í framhaldsskóla. Áhersla verður lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði við úrvinnslu verkefna. Bókin *Sól, tungl og stjörnur* verður kennd og einnig efni af *stjörnufræðivefnum*. Til umfjöllunar verða kenningar um tilurð alheimsins, stjörnur, stjörnumerki á himinhlófinu, vetrabrautir, sólkerfið okkar, jörðina og tunglið. Nemendur vinna heimildaverkefni um valið efni og farið verður í stjörnuskoðun ef tækifæri gefst.

*Kennt verður á mánudögum kl. 13:40-15:00 í Síðuskóla*

## **Söngur og gleði fyrir 9. og 10. bekk**

### **Markmið:**

- læra að beita röddinni í söng
- kynnast skemmtilegum lögum til söngs
- þjálfast í að syngja bæði einn og í hóp

**Kennsluhættir:** Unnið verður með öndunartækni og ýmsa aðra þætti sem skipta máli varðandi rétta raddbeitingu. Auk rétrar og áreynslulausrar raddbeitingar er lögð áhersla á góða heyrnarþjálfun m.a. með rödduðum samsöng, ásamt þjálfun í að samræma söng og hreyfingar. Sungin verða lög úr ýmsum áttum s.s. dægurlög og söngleikjalög.

**Námsefni:** Lög úr ýmsum áttum sem nemendur safna saman í möppu.

**Námsmat:** Byggist á þátttöku nemandans í kennslustundum. Í lok annar verður gefin umsögn þar sem virkni og framfarir nemandans eru metnar.

*Kennt verður í Lundarskóla á miðvikudögum kl. 14:00-15:20*

## **Tauþrykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk**

Kennd verður meðferð nýrra tauþrykkslita sem hafa fjölbreytta eiginleika og hægt að nota í hvaða vefjarefni sem er. Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar, s.s stimplar, stenslar, rammaþrykk o.fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flíkur eða nytjahlut. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkini eins og útsaum og bútasaum.

**Námsmat:** Virkni og vinnubrögð í tínum metin.

*Kennt í Giljaskóla á þriðjudögum kl. 13:40 – 16:10 hálfir skólaárið.*

## Teiknimyndasögur/ Tónlist og myndlist í tölvu fyrir 8. – 10. bekk

**Helstu áhersluatriði:** Þessi valgrein er tvískipt annars vegar verður unnið með teiknimyndasögur og hins vegar tónlist og myndlist í tölvum. Á fyrri önn fá nemendur að kynnast teiknimynda-sögum og fá þjálfun í gerð þeirra. Kynntar eru grunnhugmyndir teikniaðgerðar og nemendur vinna ýmis æfingaverkefni til að þjálfa færni. Áhersla er á hugmyndavinnu nemenda, bæði hvað varðar persónusköpun, frásagnarferli, mismunandi sjónarhorn og myndbyggingu. Slík hugmyndavinna og skapandi úrlausnir gera kröfur til sjálfstæðis nemenda í verki. Mismunandi framsetningarför getur hentað slíkum myndasögum.

Á seinni önninni fá nemendur nokkra þjálfun í að beita aðferðum við að búa til tónlist og myndlist með aðstoð tölvuforrita. Kynntar verða nokkrar grunnhugmyndir hvorrar greinar fyrir sig og unnið út frá þeim. Unnin verða æfingaverkefni bæði einstaklingslega og í samvinnu við aðra nemendur og þeir skila í lokin einstaklingsverkefni sem hefur að geyma bæði námssviðin, tónlist og myndlist.

**Námsefni:** Upplýsingar úr bókum og vefsíðum auk námsefnis á sviði teikninga útfærslu hugmynda. Þá er byggt á ýmsum upplýsingum úr bókum og vefsíðum um tónlist og myndlist í tölvum, auk ítarefnis kennara.

**Helstu kennsluaðferðir:** Kynningar og verkleg kennsla. Stuðst er sem mest við hugmyndir um gagnvirka kennsluhætti með það að markmiði að ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda og skapandi úrlausnir.

**Námsmat:** Símat, byggt á frammistöðu nemenda í kennslustundum, hugmyndavinnu og úrvinnslu hugmynda og sjálfsmati nemenda. Auk þess verður gerð krafa um viðeigandi skil lokaverkefnis.

*Kennt í Glerárskóla á þriðjudögum kl.13:40 – 15:00.*

## Útvist og hreyfing fyrir 8. – 10. bekk

**Markmið:** Að nemendur læri:

- grunnatriði útvistar s.s. mikilvægi þess að klæða sig rétt, neyta hollrar fæðu og undirbúa sig vel áður en lagt er af stað t.d. með því að fylgjast með veðri og færð
- að þekkja nokkrar gönguleiðir í nágrenni bæjarins
- að þekkja nokkrar hjólaleiðir í nágrenni bæjarins
- kynnist starfi björgunarsveita og ferðafélga á svæðinu

**Kennsluhættir:** Kennslan verður mjög fjölbreytt. Margskonar hreyfing og útvist verður kynnt og nemendur fá að prófa ýmislegt sem tengist viðfangsefninu hverju sinni. Hugað verður að umhverfinu í tengslum við viðfangsefni hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að góðum skjólfatnaði og séu vel búinir til fótanna. Gert er ráð fyrir að nemendur komi sér sjálfir á upphafspunkt þar sem gönguferðir hefjast og séu sóttir að henni lokinni.

**Dæmi um viðfangsefni í áfanganum:**

- gönguskíði í Hlíðarfjalli
- skíði/bretti í Hlíðarfjalli
- fjórar gönguferðir á fjöll (Súlur, Hlíðarfjall, Vaðlaheiði, Fálkafell)
- þríþraut
- hjólaferðir
- kynning á starfi björgunarsveita
- kynning á Ferðafélagi Akureyrar
- heimsókn á slökkvistöðina á Akureyri
- fræðsla um útvist og það sem henni tengist

**Námsmat:** Símat er allan veturinn og byggist námsmatið á mætingu, jákvæðni og áhuga á því sem verið er að fást við hverju sinni.

*Valgreinin hefur aðsetur í Lundarskóla. Kennt er í námskeiðsfyrirkomulagi og mun tímamagn samsvara tveim kennslustundum á viku allt skólaárið. Þar sem viðfangsefni tímana taka mislangan tíma er ekki kennt vikulega heldur munu nemendur fá áætlun yfir tímana í skólabyrjun.*

## Pýska fyrir 9. og 10. bekk

### Markmið:

- að nemendur fái grunnorðaforða
- að nemendur læri grunnatriði í þýskri málfræði
- að þjálfa nemendur í að lesa einfaldan texta á þýsku sér til skilnings
- að nemendur læri að tjá sig með einföldum setningum
- að vekja áhuga nemenda á landi og þjóð

**Námsefni:** Valið efni frá kennara, frumsamið eða úr bókunum: *Ping Pong les– og vinnubók; Gabi und Frank les– og vinnubók;* ásamt öðru völdu efni frá kennara.

Leitast verður við að vekja áhuga nemenda á Þýskalandi og þjóðinni sem það byggir. Farið verður í grunnatriði þýskrar málfræði; nemendur læra algengar setningar, helstu sagnir, nafnorð, lýsingarorð, persónuformöfn, ákv. og óákv. gr., læra að telja, þekkja liti, o.s.frv. Einnig fá nemendur þjálfun í framburði og að tjá sig með stuttum setningum.

**Kennsluaðferðir:** M.a. innlögn á töflu, hóp, para– og einstaklingsverkefnavinna, munnlegar og skriflegar æfingar, umræðu– og spurnaraðferðin.

**Námsmat:** Leitast verður við að hafa námsmat sem fjölbreyttast. Námsmat fer fram alla önnina m.a. með því að nemendur vinna kannanir þegar þeir telja sig hafa náð settu markmiði. Einnig verða skrifleg einstaklings- og samvinnupróf. Jafnframt hafa eftirfarandi fjórir þættir vægi í lokaiekunn: verkefnavinna/áhugi í tíma; vinnubrögð; hegðun í kennslustund; hvernig nemandi nær tökum á námsefninu. Nemendur gera sjálfsmat í lok tíma þar sem þeir skoða fyrrgreinda þætti.

*Kennt í Brekkuskóla á þriðjudögum kl. 13:40-15:00.*